



Heiti: Bæjarráð - 3254 (28.5.2015) - Sorphirðugjöld 2015
Fyrirtæki: Akraneskaupstaður
Mál:
Númer: 1504040
Dagsetning fundar: 28.5.2015
Inngangur: Endurákvörðun sorpgjalda með hliðsjón af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
Niðurstaða:
Athugasemdir: Með hliðsjón af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 27. mars síðastliðnum samþykkir bæjarráð að endurákvvarða sorpgjöld vegna ársins 2014. Bæjarráð samþykkir að tekjuafgangur málaflokkssins samkvæmt ársreikningi 2014 komi að fullu til lækkunar gjaldanna sem felur í sér lækkun um 8,04% auk þess sem gæta þarf ákvæða laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda við framkvæmd endurgreiðslunnar til gjaldenda. Fjárhæð sorphreinsunargjaldsins verði kr. 14.799 í stað kr. 16.095 sem er lækkun um kr. 1.296 og fjárhæð sorpeyðingargjaldsins verði kr. 12.620 í stað kr. 13.725 sem er lækkun um kr. 1.105. Ákvörðun bæjarráðs verði send til umsagnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Fjárhæðin samtals kr. 6.178.371 ásamt vöxtum verði tekin af handbæru fé.